



Reykjavík, 4. október 2024

Umhverfis- og  
skipulagssvið  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Þjónustuver  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

411 1111

## Staða bílastæða við og í kringum Jöfursbás 7

Um bílastæði í borgarlandi í kringum Jöfursbás 7 sem og annars staðar gildir sú almenna regla að fyrstur kemur fyrstur fær nema bílastæði sé sérstaklega merkt P-stæði eða deilibílastæði. Því er ekki hægt að tryggja íbúum Jöfursbáss 7 sérstaklega stæði sunnan við húsið.

Fjöldi bílastæða á svæðinu er í samræmi við deiliskipulag. Í fyrirbyggjandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 167 bílastæðum við Jöfursbás 5 – 11, en það verða um 215 bílastæði á svæðinu að meðtöldum bílastæðum á malarsvæðinu við smáhýsin. Framkvæmdir við 45 bílastæði sem gert er ráð fyrir við Jöfursbás 1 og 3 fara ekki í gang fyrr en byggingarframkvæmdum við þau hús er lokið.


Varðandi hellulögn bílastæða í miðdeili við Jöfursbás 7 og 9, þá er sú framkvæmd langt komin og gert ráð fyrir að henni ljúki um miðjan október. Þá er einnig verið að stækka bílastæðin við Jöfursbás 9 og 11 í samræmi við breytt deiliskipulag. Eftir þá breytingu verða þá alls um 165 malbikuð og hellulögð bílastæði við Jöfursbás 5 – 11 auk um 50 malarbílastæða við smáhýsin. Á næstunni verða settir upp ljósastaurar við malarstæðin sem mun bæta aðstæður á svæðinu.

Eins og fram kemur hér að ofan er gert ráð fyrir að framkvæmdum við bílastæðin ljúki í október en vegna þrengsla, uppbyggingar á svæðinu, deiliskipulagsbreytinga og fleiri þátta hafa framkvæmdir því miður gengið mun hægar fyrir sig en til stóð.

## Sorphirða við Jöfursbás

Varðandi fyrirspurn vegna aðgengis sorphirðu að djúpgámum við Jöfursbás 7, þá hefur það komið fyrir að bílar eða byggingarefni hafa verið staðsett við djúpgámanna sem hindrað hafa losun sorps. Bent er á að djúpgámar við heimili eiga að vera aðgangsstýrðir til að tryggja að einungis íbúðir í viðkomandi húsum setji úrgang í gámanna. Íbúar þurfa að vera í sambandi við byggingaraðila húss eða söluaðila gáma ef lykla eða aðgangskort vantar. Gott er að hafa í huga þegar flutt er nýtt húsnæði að t.d. pappakassar og annar fyrirferðarmikill úrgangur er ekki ætlaður í djúpgámanna heldur er hægt að skila þeim á endurvinnslustöðvar Sorpu.

Stígurinn/göngugatan að djúpgámum við Jöfursbás 7 verður ekki malbikuð fyrr en hús við Jöfursbás 9 hafa verið fullbyggð. Sorphirða borgarinnar fékk nýverið tilkynningu um að íbúar séu fluttir inn í Jöfursbás 9A og því hefst sorphreinsun þar nú þegar. Ef sorp úr Jöfursbási 9 hefur hingað til verið sett í djúpgáma Jöfursbáss 7 þá ætti því að ljúka von bráðar.



Vitað er að Þorpið vistfélag vinnur við að koma aðstöðu fyrir úrgangsilát við Jöfursbás 11 í ásættanlegt horf. Ofangreindar framkvæmdir og lagfæringar ættu að leiða til þess að aðgengi íbúa að íbúðum sínum og aðgengi sorphirðu að húsunum verði stórlega bætt.

Frekari upplýsingar má nálgast í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða á [upplýsingar@reykjavik.is](mailto:upplýsingar@reykjavik.is)

Takk fyrir,  
Reykjavíkurborg